

**Gegnir.is**/Aðstaða námsfólks, fræði- og vísindamanna og almennings til að leita tilte ákveðin efni hefur nú batnað verulega. **Gunnar Hersveinn** ræddi við **Árna Sigurjónss** Landskerfi bókasafna sem hefur undirbúið málið í nokkur ár og opnað gegni.is öllu

# Ritverk á Netinu nýttast vel

- Búseta skiptir ekki lengur máli fyrir notendur bóka og greina
- Sennilega eina landið sem safnar öllum söfnum sínum í einn grunn

**N**ETIÐ hefur nú þegar breytt vinnuáferðum nemenda á öllum skólastigum. Grunnskólánemendur afla gjarnan heimilda í leitavélum og gagnaböndum á Netinu heima hjá sér og setja þannig saman ritgerðir um hvaðeina. Um leið skapast tilhneiging hjá nemendum til að nota eingöngu það sem er tiltækt á Netinu og aðrar heimildir verða útundan. Svo er ritmiðinni oft skilað til kennarans með tölvupósti.

Nýr Gegnir (gegnir.is) sem opnaði nú í maí á eftir að gegna lykhillutverki í leit nemenda, fræðimanna og almennings að heimildum og einnig á öðrum sviðum. Gegnir er sameiginlegt upplýsinga- og skráningarkerfi helstu bókasafna á landinu, og er ekki vitað til að aðrar þjóðir reki bókasafnskerfi sem eru svo nálægt því að þjóna öllum bókasöfnum heils lands. Kerfið er rekið af Landskerfi bókasafna hf. og er það í eigu ríkisins og um fjórutíu sveitarfélaga. „Tæplega 300 bókasöfn eru á vegum núverandi hluthafa og tel ég raunhæft að að minnsta kosti 200 þeirra verði virkir aðilar að kerfinu. Fimmtán söfn eru nú þegar byrjuð að nota það,“ segir Árni Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Landskerfis bókasafna, en auk hans vinna þar þrjú bókasafnsfræðingar með sérmenntun á tölvusviði.

Nýi Gegnir er ýmsum kostum búinn. Einn þeirra er að hann birtir bæði bækur, greinar og handrit á einum stað, en áður var sérstök leitarsvél fyrir bækur (gamli Gegnir) og önnur fyrir greinar (Greinir). Þá er vefviðmótið mjög þægilegt og er hægt að leita með ýmsum aðferðum, svo sem að nafni höfundar, titli, efni, ISBN númeri og fleiru. Ekki þurfa menn að þekkja titilinn orðrétt, og má nefna sem dæmi að við leit að bókinni „Heygðu mitt hjarta við undað hné“ væri nóg að slá inn fjögur

síðustu orðin úr titlinum og kerfið mundi samt finna ritið. Með einfaldri aðgerð getur notandinn tekið færslur til hliðar og sett þær á sérstakan lista sem má svo prenta út, og einnig getur notandinn sent sér eða öðrum færslur í tölvupósti. Og þar sem Gegnir er á Internetinu geta menn flett upp í honum hvort sem þeir eru staddir í Alexandríu eða á Bíldudal.

## Millisafnalán

Árni segir að bókasöfn úthluti aðgangsrétt til notenda sinna og þau ákveði svo hvaða þjónustu þau vilji veita þeim. Innskráður notandi getur séð hvaða bækur hann er með í láni og hvort þær eru komnar í skuld, hann getur látið taka bækur frá og óskað eftir að fá að vita ef bækur um tiltekið efni koma á safnið, en þetta eru dæmi um þjónustu sem safnið ræður hvort það veitir.

Gegnir mun eflast á næstu árum því margt er á leiðinni inn í hann, og á það bæði við um ný gögn í kerfið og kerfið sjálft. Fyrir árslok koma gögn Borgarbókasafns Reykjavíkur og margra fleiri safna í kerfið, og síðar bætast við ýmis sérhæfð bókasöfn. Meðal viðbóta við kerfið sjálft má nefna að það mun veita aðgang að skránnar annarra bókasafna sem styðja svonefndan Z39.50 samskiptastaðal (t.d. Library of Congress í Bandaríkjunum), það mun veita þjónustu tengda millisafnalánum og það mun auðvelda notendum leit í afmörkuðum gögnum á borð við barnabækur, handrit eða tónlistarefni.

Meðal þeirra safna sem nú þegar eru tengd Gegni eru Landbókasafn Háskólabókasafn, Háskólinn á Akureyri, Kennaraháskóli Íslands, Listaháskóli Íslands, Stofnun Árna Magnússonar, Þjóðminjjasafnið, bókasafn Alþingis og ráðuneyta. Nefna má að gögnin í kerfinu eru geymd í gagnagrunni sem staðsettur



Árni Sigurjónsson, Sigrún Klara Hannesdóttir landsbókaforður, Jóni Landskerfis bókasafna, og Tómas Ingi Olrich menntamálaráðgjafi

er á Akureyri. Með þessu nýja kerfi eru grunnupplýsingar um hvert rit skráðar aðeins einu sinni, þar sem það er miðlægt, og fjölmörg söfn nýta sér þessa grunnskráningu og spara þar með vinnu.

## Rafræna bókasafnið

Að sögn Árna eru nú um 600.000 titlar í kerfinu, og eru notendaleyfi sjö sinnum fleiri en í gamla Gegni. Varðandi framtíð kerfisins segir hann að æskilegt sé að fá sem mest gögn í kerfið til að upplýsingaleit verði sem auðveldust; Gegnir byggir á alþjóðlegum staðli fyrir skráningu safngagna og á útbreiddum samskiptastaðli, og þeir sem nýti sér svona staðla eigi alltaf meiri möguleika en aðrir á að tengjast öðrum kerfum og stækka þar með notendahópinn.

Árni segir að Gegnir búi í haginn fyrir næsta stig bókasafna, rafræna bókasafnið og rafræna útgáfu. Tímarit eru í vaxandi mæli gefin út í rafrænu formi og fellur það mjög vel að kerfi á borð Gegni. Og sama á við það þegar eldri tímarit eða handrit eru skönnuð, slíkt fellur eðli málsins samkvæmt vel að nýja kerfinu.

„Öll þessi tölvuvæðing í bókasafnaheiminum er geysilega mikilvæg bæði frá sjónarmiði menningar og vísinda,“ segir Árni. „Ef við ætlum að bjarga menningararfnum verðum við að koma honum á rafrænt form, annars verður hann eins og gömul víníplata: traust eign með varanlegan sess í geymslunni. En maður getur bara ekki spilað hana.“

## TENGLAR

www.gegnir.is

guke@mbl.is